

Ársskýrsla 2021

Ávarp forstjóra

Árið 2021 var viðburðaríkt í lífi Þjóðskrár Íslands. Þjóðskrá er marglaga stofnun með afskaplega fjölbreytt og mikilvæg verkefni sem snerta á einn eða annan hátt flest svið þjóðlífsins. Grunn hlutverk hennar er að safna, varðveita og miðla gögnum og upplýsingum og þjóðskrá og fasteignaskrá teljast í flokki mikilvægustu grunnskráa ríkisins. Árlega er tugum þúsunda erinda sinnt í þjónustuveri og voru erindi þangað á síðasta ári rúmlega 119 þúsund. Árlega gefur stofnunin út 20-25 þúsund vottorð af ýmsu tagi, afgreiðir 60-70 þúsund flutningstill kynningar, að langmestu leyti sjálfvirkt og allt að 70 þúsund vegabréf á ári í samræmi við ferðagleði landans ár hvert. Síðustu 12 mánuði hafa um 4500 fasteignir verið nýskráðar í fasteignaskrá. Þá hefur stofnunin með höndum umfangsmikinn tölvurekstur og rekstur upplýsingakerfa. Af þessu leiðir að Þjóðskrá hlýtur stöðugt að leitast við að bæta og efla þjónustu sína með umbætur að leiðarljósi. Þar náðist markverður árangur á árinu 2021.



Nýr vefur Þjóðskrár Íslands skra.is fór í loftið í mars mánuði samhliða því að stofnunin tók upp nýtt merki. Vefurinn hefur mælst mjög vel fyrir, en á honum er lögð áhersla á að leiðakerfi fyrir notendur sé einfalt og notendavænt og í samræmi við vefstefnu Þjóðskrár. Má þar meðal annars nefna að pöntunarferli vottorða hefur verið endurhannað til að auðvelda viðskiptavinum leit að rétta vottorðinu. Jafnframt birtir Þjóðskrá nú allar fasteignaupplýsingar undir Fasteignagátt Þjóðskrár þar sem má finna allar helstu upplýsingar um fasteignir og markaðsviðskipti með fasteignir. Þar á meðal er ný birting á fjölda íbúða þar sem finna má yfirlit yfir fjölda fullbúinna og ófullbúinna íbúða hverju sinni eftir landshlutum, sveitarfélögum og tegundum íbúða. Gögnin eru uppfærð með sjálfvirkum hætti á hverjum degi og því má alltaf ganga að því vísu að um sé að ræða nýjustu upplýsingar hverju sinni. Nú í mars s.l. var vefur þjóðskrár svo tilnefndur til íslensku vefverðlaunanna í flokki opinberra vefja. Þjóðskrá Íslands er góður vinnustaður og því hefur miklum tíma verið varið í mannauðsmál og nú hefur starfsfólk Þjóðskrár gert með sér samskiptasáttmála en í honum er fjallað um það hvernig við viljum að samskiptum starfsmanna sé hagað innan stofnunarinnar.

Frá 6. janúar 2021 varð sú breyting gerð með hliðsjón af gildistöku laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði að nú er hægt að óska eftir hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá. Í samvinnu við Samtökin 78 var ákveðið að einstaklingar sem óska eftir hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá eru skráðir „Kynsegin/annað“. Þetta heiti er talið ná sem mestri sátt innan hinsegin samfélagsins og að flestir einstaklingar geti samsvarað sig því. Þá eru börn ekki lengur nýskráð í þjóðskrá með eigin nafnið stúlka eða drengur og því eru börn nú nýskráð í þjóðskrá eingöngu með kenninafni þar til nafngjöf hefur farið fram. Breytingin hefur þegar tekið gildi. Ekki eru lengur gefin út vegabréf með slíkum eiginnöfnum (stúlka eða drengur) og er þessi breyting því til samræmingar þar á. Þá eru breytingar á kyni og nafni í þjóðskrá nú gjaldfrjálssar.

Gallup mælir árlega traust til stofnana og embætta og nýverið kom út skýrsla vegna ársins 2022. Í samanburði Gallup við aðrar stofnanir er þjóðskrá Íslands á meðal þeirra efstu ásamt Landhelgisgæslunni, Embætti forseta Íslands og Háskóla Íslands. Það er áncægjulegt að sjá hvað þjóðskrá nýtur mikils trausts í samfélaginu, en helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að 73% landsmanna bera mikið traust til þjóðskrár Íslands og er það sama hlutfall og í mælingunni árið áður. Áhugavert að sjá að traustið er hvað hæst hjá yngsta aldursbilinu (18-24 ára) og hjá íbúum landsbyggðanna utan höfuðborgarsvæðisins. Þá sýnir könnunin einnig að landsmenn þekkja vel til starfsemi þjóðskrár.

Þegar þessi orð eru skrifuð stendur þjóðskrá Íslands á tímamótum. Ráðherra hefur nú kynnt áform um flutning fasteignaskrár og verkefna sem tengjast fasteignamati verði flutt frá þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Markmið breytinganna er að einfalda og efla þjónustu við fólk og fyrirtæki á sviði húsnæðismála og tryggja enn frekari samhæfingu milli ríkisstofnana og sveitarfélaga. Í þessu felast heilmiklar breytingar fyrir þjóðskrá Íslands og breytingum fylgja tækifæri til að skerpa á úherslum og tækifæri til að takast á hendur ný og veigamikil verkefni.

Aðalsteinn Þorsteinsson

Settur forstjóri þjóðskrár Íslands.



Lykiltölur 2021 - Fasteignir

Kaupsamningar

16.117

Leigusamningar

9.401





Heildarfasteignamat

9.563 milljarðar kr.

Heildarbrunabótamat


10.377 milljarðar kr.

Lykiltölur 2021 - Fólk

Útgefin almenn vegabréf	20.271	
Útgefin vottorð	24.170	
Nýskráð börn	4.875	
Nýskráðir erlendir ríkisborgarar	7.578	



Lykiltölur 2021 - Þjónusta



Vinsælustu fréttir 2021 á skra.is


1. Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum - janúar 2021
2. Leiguverð íbúðarhúsnæðis í mars 2021
3. Nýskráð börn fá ekki lengur eiginnöfnin stúlka eða drengur
4. Erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi í október 2021
5. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu í apríl 2021



Sjálfvirkni

85%


Sjálfvirkir flutningar í þjóðskrá



Flutningar

56%


Rafræn vottorð á móti pappír



Vottorð

55%

Sjálfvirk svörun snjallmennis á vef



Snjallmenni

Umhverfismál og græn skref

Skref 5 var stigið í grænum skrefum á árinu sem felur í sér að öllum aðgerðum hafi verið náð samkvæmt viðmiðum Grænna skrefa.

Í skrefi 5 eru 26 aðgerðir umfram þær sem hafa verið uppfylltar í fyrri skrefum. Snúa þær meðal annars að því að fræðslumálum, upptöku umhverfis- og loftslagsstefnu og greiningu á þýðingarmestu þáttunum í starfsemi stofnunarinnar.

Græn skref í ríkisrekstri miða að því að hafa jákvæð áhrif á umhverfið, bæta starfsumhverfi starfsmanna, bæta ímynd stofnana og draga úr rekstrarkostnaði en verkefnið er drifið áfram af Umhverfisstofnun.



5.129 kg


Áætlað magn úrgangs miðað við hlutdeild Þjóðskrár á skrifstofum í Reykjavík og á Akureyri.




76%

Af öllum úrgangi í Borgartúni eru send til endurvinnslu.

Akstur



Prentuð blöð



Áfangar í starfsemi 2021



Opnað fyrir hlutlausa skráningu kyns í Þjóðskrá



Nýr vefur skra.is í loftið



Árlegt fasteigna- og brunabótamat gefið út



Sjálfvirkar skýrslur sveitarfélaga í loftið



X-Road uppsetning fyrir gagnaflutning

Opnað á hlutlausu skráningu kyns

Opnað var fyrir umsóknir á skráningu kyns sem kynsegin/annað fyrir þá einstaklinga sem eftir því óska í byrjun árs 2021.

Þjóðskrá Íslands leitaði til Samtakanna '78 eftir samstarfi við að finna heiti fyrir hlutlausu skráningu kyns og var niðurstaða þeirrar vinnu Kynsegin/annað. Þetta heiti er talið ná mestri sátt innan hinsegin samfélagsins og að flestir einstaklingar geti samsamað sig því.

Einstaklingar sem óska eftir hlutlaustri kynskráningu geta fengið vegabréf í samræmi við nýja kynskráningu þar sem kyn er merkt með X.



Fjarvinnustöðvar í Grímsey og Hrísey

Fjarvinnustöðvum í Grímsey og Hrísey var komið upp í samstarfi við verkefnið um Brothættar byggðir og Akureyrarbæ. Rúmlega tvö ársverk var um að ræða og snérist verkefnið um innfærslu á afmörkun landeigna sem byggja á þinglýstum heimildum. Áhersla var lögð á landeignir í dreifbýli í verkefninu. Þær 6.700 landeignir sem afmarkaðar voru í verkefninu eru rétt yfir 5% af öllum landeignum á Íslandi og nær afmörkun þeirra yfir meira en 52,4 ferkílómetra. Miðgildi afmarkana er um 1.000 m² en meðal stærð afmarkana 7.835 m². Þessi munur ræðst af mjög stórum landeignum, 200-450 hektarar, sem voru meðal þeirra sem afmarkaðar voru.

Um landeignaskrá

Landeignaskrá er skráningar- og upplýsingakerfi sem er hluti af fasteignaskrá og geymir upplýsingar um eignamörk lands á samræmdum kortagrunni. Markmið landeignaskrár er að tryggja yfirsýn og samræmda opinbera skráningu á landi.

Nýr vefur skra.is

Í janúar 2021 var ákveðið að endurnýja vef Þjóðskrár samhliða því að skipt var út merki stofnunarinnar og einkennislitum hennar eftir undangengna stefnumótunarvinnu. Nýi vefurinn fór í loftið 4. mars en bæði vefurinn og merki Þjóðskrár er afrakstur samstarfs við hönnunarfyrirtækið Döðlur sem sá um hönnun og útlit fyrir Þjóðskrár.

Á nýjum vef var lögð áhersla á að leiðakerfi fyrir notendur sé einfalt og notendavænt og í samræmi við vefstefnu Þjóðskrár. Má þar meðal annars nefna að þöntunarferli vottorða var endurhannað til að auðvelda viðskiptavinum leit að rétta vottorðinu. Allt efni var yfirfarið og sett upp að nýju miðað við nýtt útlit og uppsetningu á nýjum vef.

Fasteignagáttin í loftið

Á sama tíma og nýr vefur fór í loftið var allt talnaefni tengt fasteignum sameinað undir hatti Fasteignagáttar Þjóðskrár. Í fasteignagáttinni má finna fjölda áhugaverðra tölulegra upplýsinga um fasteignir, fasteignamarkaðinn og gögn því tengdu.





Sjálfvirkar skýrslur sveitarfélaga

Þjóðskrá hóf birtingu á sjálfvirkum skýrslum úr fasteignaskrá, þjóðskrá og kaupskrá í desember 2021. Fyrstu skýrslurnar eru sniðnar að einstökum sveitarfélögum þar sem gögn úr þessum skráum birtast fyrir valið sveitarfélag. Með þessu geta starfsmenn sveitarfélaga og aðrir áhugasamir nálgast heildstæðar upplýsingar um stöðuna á fasteignamarkaði, fyrstu kaupendur, íbúafjölda og fleira sem birtist þeim sækja skýrslurnar. Hægt er að skrá sig í áskrift og fá sjálfkrafa senda nýju skýrslu í hverjum mánuði. Vinna við skýrslurnar var kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í október og þær voru svo verið þróaðar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sjálfvirkni í gagnauppfærslum

Gögnin í skýrslunum byggja á sjálfvirkum gagnauppfærslum sem eru flestar uppfærðar einu sinni á sólarhring og gefur því raunstöðu yfir skráðan fjölda íbúa, aldursdreifingu þeirra, veltu á fasteignamarkaði, fyrstu kaupendur, kaupverð, þróun fasteignamats o.fl. Fyrir þá sem vilja frekari upplýsingar um einstaka gagnasöfn má skoða það nánar á vef þjóðskrár. Gögnin verða svo gerð aðgengileg í vefþjónustum fyrir stórnotendur á fyrri hluta árs 2022.






Útgáfa vegabréfa

Útgefin vegabréf voru samtals 21.955 árið 2021 sem er talsverð aukning frá 2020 þegar útgefin vegabréf voru 8.503. Covid-19 hafði talsverð áhrif á vegabréfaútgáfu árið 2020 og einnig fyrir árið 2021 vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á ferðavenjum landsmanna. Útgáfa vegabréfa hefur tekið við sér frá því að lágmarki var náð árið 2020 og er reiknað með útgefin vegabréf árið 2022 verði talsvert fleiri en árið 2021. Er það bæði vegna aukinna ferðalag og þar sem uppsöfnuð þörf myndast þegar vegabréf landsmanna renna út og fáir hafa endurnýjað vegabréfin nýlega. Embætti sýslumanna annast umsóknir um vegabréf hér á landi en Þjóðskrá gefur þau út. Útgáfa vegabréfa fer fram í Reykjavík.

Útgefin vegabréf




Þjóðskrá í fjölmiðlum


Fjölmiðlavakt Creditinfo bæði telur og flokkar umfjöllun í fjölmiðlum. Á árinu 2021 var fjöldi fréttu um Þjóðskrá rúmlega 800. Fréttir sem tengjast stofnuninni eru af ýmsum toga en tengjast oft gögnum úr [Fasteignagátt Þjóðskrár á skra.is](#). Má þar nefna vísitölur kaup- og leiguverðs og aðrar upplýsingar sem tengjast fasteignamarkaði.

Þjóðskrá Íslands fylgist einnig með því hvernig stofnunin kemur út í samanburði við aðrar ríkisstofnanir og fyrirtæki. Almennt er umfjöllun um Þjóðskrá jákvæð. Ef jákvæðar fréttir eru teknar sem hlutfall af öllum fréttum sem flokkast sem jákvæðar eða neikvæðar þá voru rúmlega 9 jákvæðar fréttir fyrir hverja neikvæða á árinu 2020 sem er svipað og undanfarin ár.

Hlutfall jákvæðra fréttu í fjölmiðlum



Fjöldi fréttu tengdra Þjóðskrá



ICELANDAIR

ICELANDAIR

Sjöfalt fleiri vegabréf

11. Desember 2021

ICELANDAIR

ICELANDAIR

ICELANDAIR

Þú ert tryggð og tryggð með Íslandinu og þessum fjölskyldu. Þú ert örugg og tryggð með Íslandinu og þessum fjölskyldu. Þú ert örugg og tryggð með Íslandinu og þessum fjölskyldu.

SKESSUHORN
Fréttaveita Vesturlands

FRÉTTIR | VÆÐLO | AÐSENDAR GREINAR | VIÐBÚÐIR | SMÁAUGLÝSINGAR | NÝJSTA BLAÐID
ATVINNULÍF | ÞRÓTTIR | MANNLÍF | ÞÆTTIR

ÞÆTTIR | 9. nóvember 2021 08:01



Fyrstu kaupna íbúðir fjórum milljónum dýrari en fyrir ári

Þjóðskrá hefur tekið saman upplýsingar um fasteignaviðskipti á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Seldur voru 1.562 fasteignir til þess hóps sem er að kaupa sína fyrstu fasteign í lífslönguinni. Að meðaltali greiddu fyrstu kaupendur 45,4 milljónir króna fyrir 96,9 fermetra íbúð, eða sem nær 469 þúsund króna á hvern fermetra. „I dag greiða fyrstu kaupendur að meðaltali fjórum milljónum króna meira fyrir sína fyrstu íbúð en fyrir ári síðan, en meðalaukaverð hefur hækkað úr 41,4 í 45,4 milljón króna. Á síðastliðnum ársfjórðungi var hækkingin um 700 þúsund þúsund“, segir í samantekt Þjóðskrár. Meist greiða kaupendur fyrir sína fyrstu eigin á höfuðborgarsvæðinu, um 5,15 milljón króna fyrir 91,8 fermetra íbúð. Til samanburðar er hagkvæmasta verðið á Austurlandi þar sem fyrstu kaupendur greiða að meðaltali 28 milljón króna fyrir 140 fermetra íbúð. Á þriðja ársfjórðungi var hlutfall fyrstu kaupenda lægst á Norðurlandi vestra eða um 25% allra kaupenda. Hæst var hlutfallið á Vestfirðjum eða um 45%. Þó er vakinn athygli á að fremur fá samninga geta

Tölf óskað eftir hlutlausri skráningu

MANNRÉTTINDI | Í gær höfu sextán einstaklingar sótt um breytingu á kynskráningu í Þjóðskrá, en óþað var fyrir hlutlausra skráningu kyns í Þjóðskrá seinni part þriðjudags. Af þeim sextán beðnum sem borist höfu í gærnorgun voru tólf þar sem einstaklingar óskuðu eftir skráningu kyns sem kynsegning/únað. Með öðrum fyrir hlutlausri skráningu kyns hafa lög um kynrænt sjálfraði ólostat fullt gildi.

Daniel E. Arnarsson, framkvæmdstjóri Samtakanna '78 segir lagabreytinguna skipta sökum fyrir trans og kynsegning fólk. „Að sé hópur geti loksins breytt kynskráningu sinni sem samræmist þeirra kynvitund er á sama tíma mikið fagnaðarefni og einnig svo innilega sjálfsgjaf, því það hljóta að vera grunnmannaréttindi að skráningu okkar sé eftir okkar eigin höfu en ekki einhvers annars.“



Fjöldi skráningarbeiðna kemur Daniel ekki á óvart. FRÉTTAHLAÐID/EYVOR

„Að meina ákvæðnum hluta fólk, eða gera þeim erfið fyrir, að vera skráð eins og það vill hefur valdið þeim miklum ama, svo ekki sé fastar að orði kveðið“, segir hann. Daniel segir það ekki koma sér á óvart að á einungis einum og hálfum sólarhring og strax sextán einstaklingar lagð fram beiðni um breytingu á kyni í Þjóðskrá. „Við vitum af mörgum skjöltaföðingum okkar og fólk innan Samtakanna

sem hefur beðið eftir þessu lengi.“ segir hann. Þá segir Daniel breytingarnar líð í réttindabaráttu hinsegning fólks á Íslandi og að þrátt fyrir mikla vinnu og langa fæðingum muni Samtökinn halda ótrauð áfram í baráttunni. „Við fögnum þessum löngu nauðsynlegu breytingum og í raun óskum öllu kynsegning fólki innilega til hamingju með að geta skráð kyn sitt eins og það sjálf vill.“ – bj

Fasteignamat hækkar um 7,4%

- Hækkar margfalt meira en á síðasta ári ● Höfuðborgarsvæðið hækkar umfram landsbyggðina
- Vestfirðir hækka mest ● Íbúðamat lækkar einungis í einu sveitarfélagi ● Tekur djúpi í lok þessa árs

Stök Halldórsdóttir



Höfuðmatarfasteignir á Íslandi fyrir ári 2022 hækka um 7,4% frá fjórðungi ári síðan. Stökurinn á þessu fasteignamati, Þjóðskrárin fyrir komandi ári. Matar hækka margfalt meira en á síðasta ári, þegar hækkingin sam um 2,1% á landsjöfnu. Höfuðmatarfasteignir hækka um 16,3% og landsjöfnu um 10,3% milli ára. Þjóðskrá hefur átt fasteignarmatið landsjöfnu.

Fasteignir Síðeyrið hækka umfram fjórðungi samkvæmt nýja fasteignamati sem taka mun gjöfi í lok desember.

Atvinnumálefni og hlutlausri fasteignamat 6,2% á landsjöfnu. Allgengi vaxir á landsjöfnu hlutlausri fasteignamat hækkað um 8,9% á sama tíma og hækkingin á hlutlausri fasteignamat sam 8,9%. Fasteignamatinn samrætti fyrir ári 2022 hækkað um meðaltali um 4,1% þegar lítil er á landsjöfnu hlutlausri. Meist er hækkingin á höfuðborgarsvæðinu, þar sem samrætti hækka um 9,6%, en minnst á Vesturlandi þar sem hækkingin er 1,2%. Fasteignamatinn samrætti á meðal sveitarfélögum hækkað mest í Kópavogi, þar sem matar hækka um 14,7%, en lækkar mest í Skerufarshreppi. Þar hækka fasteignamatinn sam 1,0%. Míðast við febrúar á þessu ári... Eignendur fasteigna geta frá 15.

INNLEIÐ 21. desember 2021 13:32

Íbúðaverð hækkað um 17% á einu ári

Vitala íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 0,7% í síðasta mánuði og hefur nú hækkað um 17,0% á drögnundveili.

Viðskiptablaðið

MÁNADAGUR, 24. JANÚAR 2022

FORSÍDA	FÓLK	SKOÐUN	TÖLUBÓÐ	EFTIR VI
----------------	-------------	---------------	----------------	-----------------

Fréttaskrýninga

453 einstaklingar og lögðalir eiga fleiri en sex íbúðir á Íslandi

Á fimmta þúsund einstaklingar og lögðalir eiga fleiri en eina íbúð á Íslandi. Framboð íbúða er í lágmarki, verð þeirra hefur hækkað gríðarlega og hlutfall ráðstöfunartekna verst tekið hópa landsins sem fer í húsnæðisbostad ne er orðið þannig að það flokkast sem íþyngjandi.

27. desember 2021

Stytta Like 224 Share Tíðend


Álls eiga 71 einstaklingar og 382 lögðalir fleiri en sex íbúðir, 155 einstaklingar og 101 lögðalir eiga fimm íbúðir og 579 einstaklingar og 165 lögðalir eiga fjórar íbúðir. Fjöldi þeirra einstaklinga sem eiga þrjár íbúðir er 2.974 og fjöldi lögðala sem eiga sama magn íbúða er 285. Þá eiga 16.501 einstaklingar og 688 lögðalir tvær íbúðir.

Þetta kemur fram í svari þjóðskrár við fyrirsögn Kþjarnans um málið. Vert er að taka fram að einstaklingur eða lögðalir geta verið eignendur að sömu eignunum.

Þjóðskrár hóf á þriðja upplýsingar um eignarhald íbúða í síðasta mánuði. Í þeim tölum sem stofnunin birtir á heimasíðu sinni má sjá hversu margar þeirra 148.425 íbúða sem teljast fullbúðar á Íslandi voru í eigu einstaklinga eða lögðala sem áttu bara eina eina íbúð og hversu margar voru í eigu aðila sem áttu fleiri en eina íbúð.

Mikil breyting frá því fyrir hrun

Auka aðgengi að gögnum



Þjóðskrá hóf í morgun birtingu á sjálvfrjúkum skýrslum af fasteignaskrá, þjóðskrá og kaupskrá. Fyrstu skýrslurnar eru snúðar að einstökum sveitarfélögum þar sem gögn úr þessum skrár birtast fyrir valfrú sveitarfélög. Með þessu geta starfsmenn sveitarfélaga og aðrir áhugasamir meðal annars nálgast heildstærðu upplýsingar um stöðuna á fasteignamarkaði, fyrstu kaupendur og íbúðafjölda. Þetta kemur fram í tilkynning frá þjóðskrá.

Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár Íslands.

Gögnin í skýrslunum byggja á sjálvfrjúkum gagnaupplýsingum en flústar eru þær upplýsingar einu sinni á sólarhring og gefa því raunstöðu yfir veltu á fasteignamarkaði, fyrstu kaupendur, kaupverð, þróun fasteignamats, skráðun íbúða fjölda og aldrandsreifingu ásamnt fleiri. Hagst er að nálgast frekari upplýsingar um einstaka gagnasöfn þjóðskrár og á vef

hvar verið á endursköuln á öllu birtu tilkynningu. „Við höfum verið að málfrúnefna þessar vinnslur og þarna erum við að útbúa sjálvfrjúkum skýrslur yfir ákvæðnin notendahl þess hefur þórf fyrir gögn snúðun að sveitarfélögum sínu en þess að þurfa að leita þau uppi á mörgum stöðum“, er haft eftir Margrét. Þá segir Margrét ýms möguleika fyrir hendi í framtíðinni, til dæmis að útbúa sjálvfrjúkum skýrslur um leigumarkað og kaupmarkað fasteigna sem byggjar eru á upplýsingum í gagnasöfnum þjóðskrár. Hún segir að þjóðskrár eigi aðgerðisleg gögn sé alltaf að aukast. „Það eru fjölmörg tækifæri fyrir hendi við að gera gögn aðgengilegri og þar er þangað sem við viljum stefna. Það felst bæði í að þjónusta stórnendum sem og aðra hópa sem þurfa gögn að ákvæðunartök

Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár, segir sjálvfrjúkum skýrslurnar byggja á sjálvfrjúkum gagnaupplýsingum en flústar eru þær upplýsingar einu sinni á sólarhring og gefa því raunstöðu yfir veltu á fasteignamarkaði, fyrstu kaupendur, kaupverð, þróun fasteignamats, skráðun íbúða fjölda og aldrandsreifingu ásamnt fleiri. Hagst er að nálgast frekari upplýsingar um einstaka gagnasöfn þjóðskrár og á vef



Rekstur og mannauður

Starfsemi þjóðskrár gekk vel á árinu þrátt fyrir að heimsfaraldur hafi skekið heimsbyggðina annað árið í röð. Stofnunin hefur einsett sér að vera þjónustustofnun og hefur það að leiðarljósi í allri starfsemi. Hjá þjóðskrá voru 104 ársverk unnin á árinu 2021. Kynjahlutfall starfsmanna er jafnt og 63% starfsmanna eru með háskólapróf. Á starfsstöðinni á Akureyri voru unnin 12% ársverka og 88% í Reykjavík. Einn starfsmaður þjóðskrár vinnur alfarið frá Svíþjóð.

Um áramót voru 28 starfsmenn með samgöngusamning þar sem þeir skuldbinda sig að koma að minnsta kosti þrisvar í viku til vinnu á starfsstöð með umhverfisvænum hætti (hjól, strætó, gangandi). Þetta hlutfall er enn hærra yfir sumarmánuðina. Starfsmönnum þjóðskrár býðst einnig fjarvinnusamningur þar sem þeir geta valið um að vinna fjarri starfsstöð á Akureyri eða í Reykjavík allt að tvisvar sinnum í viku eða að vinna alfarið að heiman

Þjóðskrá hefur unnið undanfarin ár eftir skipulagi er varðar styttingu vinnuvikunnar. Ákvörðun var tekin um að stytta hvern og einn vinnudag sem hefur reynst mjög vel. Þjóðskrá markaði sér nýjar stefnur á árinu varðandi EKKO málaflokkinn og samskipti meðal starfsmanna.

104

Ársverk

44,4 ár

Meðalaldur starfsfólks

63%


Háskólamenntun

WWW.SKRA.IS

SKRA@SKRA.IS

SÍMI / TEL (+354) 515 5300

BORGARTÚNI 21 - 105 REYKJAVÍK
HAFNARSTRÆTI 107 - 600 AKUREYRI

 Djóðskró

Ljósmyndir: Gollí

Teikningar: Viktoria Buzukina